

1. Fundur

Mánudaginn 18. mars 2024 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 12:00.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir og Stefanía Árdís Árnadóttir.

Dagskrá:

1. Stjórn kýs varaformann. gjaldkera og ritara og meðstjórnanda.
Varaformaður: Hulda Björnsdóttir.
Gjaldkeri: Halldór Óli Kjartansson.
Ritari: Claudia Lobindzus.
Meðstjórnandi: Agnes Reykdal.
2. Nýr kjarasamningur LÍV og SA og svo LÍV og FA gildir frá 1. febrúar 2024 og til 31. janúar 2028.
Formaður fór yfir ákvæði nýs kjarasamnings. Samþykkt var að kynna kjarasamninginn á opnum félagsfundi í kvöld kl. 19:30 í sal Rauða krossins.
Atkvæðagreiðsla hófst í morgun kl. 10:00.
3. Endurskoðunarskýrsla 2023.
Formaður kynnti endurskoðunarskýslu 2023.
4. Eiga varamenn að vera með setu á stjórnarfundum?
Samþykkt var að varamenn sitji stjórnarfundum.
5. Launanefnd FVSA.
Launanefnd FVSA er skipuð Halldóri Óla, Claudiu og Huldu.
6. Önnur mál.
 - a. Aukavinna vegna kjarasamninga.
Samþykktir voru 144 yfirvinnutímar hjá formanni. Athugað verður með hvort LÍV taki þátt í þessum kostnaði.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.